

Fundur í Nemendafélaginu 26. febrúar 2024 kl. 10:30

Mættir: Arna, Guðbjörg, Aldís, Ísabella Rós, Þóra Kristín, Oddur og Valgarður. Á fundinn vantaði Palla.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og eftirfarandi rætt: Áfram stefnt á að fá björgunarsveitarnámskeið á vorönn – skólastjóri athugar það. Ekkert heyrst frá fyrirtækinu sem sent var á varðandi svamdýnu í glugga í félagsrými – skólastjóri reynir hjá öðru fyrirtæki. Lagfæring á hurð í félagsrými í vinnslu. Ákveðið að taka ekki upp fótboltareglur á þessum tímapunkti – núverandi reglur gilda því áfram. Farið verður í djúphreinsun á púðum og stólum í sumar. Kaupa skemil eða skemla í félagsrýmið. Kvennfélagið gaf félagsmiðstöðinni poolborð – Nemendafélagið þakkar kærlega fyrir það. Má ekki nota borðið á skólatíma – bara í félagsmiðstöðinni.
2. Drög að skóladagatali 2024 – 2025 lögð fram til umsagnar og athugasemda. Farið yfir dagatalið. Engar athugasemdir og fulltrúum líst vel á dagatalið eins og það lítur út.
3. Önnur mál:
 - Er hægt að sleppa sundkeppni á íþróttadaginn og hafa eitthvað annað í staðinn t.d. pílukast, borðtenniskeppni eða rafíþróttir?
 - Símalaus skóli, vantar fleiri tölvur í unglिंगadeild svo allir geti unnið verkefni í einu. Best væri ef tæki væru merkt hverjum og einum nemanda. Skólastjóri upplýsti að þau mál væru í vinnslu. Stefnt á að fjölga sem fyrst chromebook tölvum og stofna officeaðgang fyrir hvern og einn nemanda á unglिंगastigi. Nemendur geta þá unnið verkefni á sínum aðgangi í vafrá í tæki sem skólinn á.
 - Megum við í 10. bekk hafa borðið okkar í matsalnum þar sem það er búið að vera í allan vetur? Skólastjóri athugar það.
 - Ennþá eru einhverjir nemendur í unglिंगadeild ekki að fara í íþróttaföt í íþróttatímum og sleppa sturtu. Þó nemendur sleppi sturtu er möguleiki að viðkomandi nemendur skipti í það minnsta um föt?
 - Við stundatöflugerð á næsta skólaári er hægt að dreifa íþróttakennsludögum þannig að þeir verði ekki á samliggjandi dögum?

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:00

Næsti fundur verður að öllu óbreyttu 22. mars n.k.